

## Félagssfundur í Öldungadeild Læknafélags Íslands 11. september 2024

**Fyrirlesari:** Sveinn Magnússon, læknir.

**Efni:** „Heilsufar skólþilta í Hólavallaskóla“

**Mættir:** 57 skráðir, félagsmenn og nokkrir gestir.

Formaður setti fund kl. 16 og benti á að nú væri hafið síðasta starfsár þessarar stjórnar. Hann sagði síðan stuttlega frá vel heppnuðum ferðum sumarsins, í Kaldalón og til Skotlands. Framundan er hefðbundið vetrarstarf, en 4. október verður efnt til afmælisveislu í tilefni af 30 ára afmæli Öldungadeildar. Hún verður haldin í Hlíðasmára og og þar verður byrjað á vísindum en síðan tekið upp léttara hjal með uppistandara, rokkbandi og léttum veitingum. Öldungadeild stendur fyrir einni málstofu á komandi Læknadögum og að auki einum hádegisfundi. Formaður minntist síðan lækna sem látist hafa frá síðasta fundi, þeirra Magnúsar Kolbeinssonar, Brjáns Bjarnasonar, Friðþjófs Björnssonar, Ólafs Hallgrímssonar (starfaði í Noregi) og Páls Eiríkssonar.

Þessu næst gaf formaður fyrirlesara orðið. Sveinn hefur rannsakað aðbúnað og heilsufar skólþilta í skólahúsinu sem stóð nokkurn veginn þar sem nú er húsið sem Sveinn býr í. Flutningur lærða skólans eða latínuskólans frá Skálholti var afleiðing hörmunganna sem yfir dundu á 18. öldinni, sem var öld farsóttar, eldgosa og harðinda og endaði með stærsta Suðurlandsskjálfta sem heimildir eru um, þegar það sem eftir var af Skálholtsstað hrundi. Alþingi lagðist af, Landsyferréttur tók við í Reykjavík og þar, á Holavöllum/ eða -velli Tjörnina reis nýtt skólahús. Fjárveitingar voru endurtekið skornar niður enda Danir illa staddir aftir árás Breta. Þar var á endanum engin sjúkrastofa, engin matstofa og ekkert eldhús. Í stuttu máli - eða einu orði - var saga skólans ein hörmung frá upphafi til enda, húsið ónýtt frá byrjun og aðbúnaður skelfilegur. Þetta endurspegladist í vondu heilsufari skólþilta, t.d. voru í einni af mörgum skýrslum og bréfum skráðir 9 veikir af 30. Erfitt er að henda reiður á hvað nákvæmlega hrjáði þiltana, hvað var t.d. landfarsótt? En kreppa eða skyrbjúgur er áberandi í lýsingunum. Það var alþýðupekking á Íslandi að skyrbjúgur læknaðist á sumrin þegar grænkaði og vitað að skarvakálið var gott. Um miðja 18. öld rannsakaði James Lind lækningamátt sítrusávaxta í löngum sjóferðum, en meira en öld síðar segir Jón Jónassen enn að skyrbjúgur stafi af rangri samsetningu blóðsins. Í kjölfar skýrslu Sveins Pálssonar landlækni 1804 var ljóst að eina ráðið var að leggja skólann niður þar sem hann var og fluttist

skólafarið til Bessastaða. Sveinn hefur kafað djúpt í frumheimildir og sýndi okkur dæmi um bréf og skýrslur og er sannarlega ekki hlaupið að því að lesa og skilja þessa texta fyrir þann sem er ekki sérfróður. Sveinn hafði haldið fullri athygli fundargesta vel fram yfir kl 17 og sýndi sig best í því að hann fékk þó nokkrar spurningar.

Fundi slitið 17:17.